



Í þessu fréttabréfi:

Sumarfrí	1
Sækja um fyrir næsta vetur	2
Flutningar	2
Börnin og leikirnir	2
Óskilamunir	2

Afmælis börn sumarsins:

Til hamingju með afmælið öll sömul.



Vefsíða skólans:

www.njardvikurskoli.is



Njarðvíkurskóli
V/Brekkustíg
260 Njarðvík
Lára Guðmundsdóttir
skólastjóri/ábyrgðarmaður
Sími: 420-3000

Foreldrar og börn

Sumarfrí Njarðarskjóls hefst þriðjudaginn 8.júní



Kæru börn og foreldrar

Þá er komið að leiðarlokum hjá okkur og hefur þetta verið góður hópur sem hefur verið með okkur í vetur. Krakkarnir hafa staðið sig vel, en auðvitað hefur það áhrif þegar hver vinurinn á fætur öðrum hættir.

Við óskum ykkur velfarnaðar í fríinu og sjáumst hress og kát næsta vetur.

Sumarkveðja

Endilega að skrá sig fyrir næsta vetur.

Það þarf að sækja um á hverju ári.

Hægt er að skrá sig á skrifstofu skólans eða hjá starfsmanni frístundaskólans.




Óskilamunir

Athuga í óskilamuni hvort barnið ykkar eigi eitthvað þar. Margt smátt gerir eitt stórt t.d. einn sokk sem vantar við sokkinn sem er heima.

Kæru foreldrar

Starfsfólk frístundaskólans þakkar samstarfið í vetur.

Gleðilegt sumar.



Börnin og leikirnir.

Börnin hafa staðið sig vel í frístundaskólanum í vetur. Þau hafa haft gaman af að lita, teikna, mála klippa og líma, puttaprjóna, perla, bíló, dúkkó, legó og knex-kubba en þau hafa einnig verið mjög dugleg að búa til sína eigin leiki sem eru frábærir.

Tölvuverið hefur verið mjög vinsælt hjá yngri deildinni. Tónlist hefur verið mikið spiluð hjá okkur og höfum við líka farið í hreyfisalinn.

Þau eru öll mjög dugleg að vera úti sama hvernig veður er.

Við höfum haft bíó-dag einu sinni í viku og horft þá á skemmtilega mynd saman og hafa krakkarnir verið mjög ánægðir með það.

Flutningarnir.

Í vetur urðu breytingar á húsnæði hjá okkur og fluttist yngri deildin inn í skólann í stofu 103 og eldri deildin færði sig yfir í Björkina.

Tók smá tíma að aðlagast þessum breytingum en í dag eru allir mjög ánægðir.

Liðveisla.

Í vetur var boðið upp á liðveislu áfanga hjá unglingastiginu og nutum við frístundaskólinn yngri deildin góðs af þeim áfanga. Við höfum verið að fá til okkar nemendur sem koma og taka þátt í starfinu og aðstoða okkar. Hefur þessi nýbreytni vakið mikla lukku hjá krökkunum og starfsfólki.

Umsjónarmaður frístundaskólans:

Einara Lilja Kristjánsdóttir.

einara.l.kristjansdottir@njardvikurskoli.is

Starfsfólk

Yngri deild stofa 103:

Einara

Mirijana

Sími: 864-6788.

Eldri deild Björkin:

Gugga

Systa

Jana

Helga

Sími: 869-1939.